

# ÍPREG3KÖ03

Körfubolti

Fjölbautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2025

Kennari: Sverrir Geir Ingibjartsson      SGI

## Áfangalýsing

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglungum undirstöðuatriði í körfuknattleik. Lögð er áhersla á kennslu knatttækni og leikfræði fyrir byrjendur. Farið er yfir reglur í greininni. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallar færni í greininni. Farið er yfir helstu atriði í þjálfifræði barna og æfingar kenndar sem þjálfra grunnatriðin í körfuknattleik. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur. Nemendur æfa sig að kenna hvort öðru körfuknattleik.

Undanfari: ÍPREG2PJ05

## Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- körfuknattleik
- körfuknattleiksreglum
- ýmsum æfingum sem henta í þjálfun barna í körfuknattleik
- helstu þjálfunaraðferðum í körfuknattleik

## Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni til að:

- kenna leikfræði körfuknattleiks
- beita flautu og dæma körfuknattleik
- sýna grunnfærni í körfuknattleik

## Hæfniviðmið

Að þessum áfanga loknum á nemandi að geta:

- kennt leikfræði körfuknattleiks
- beitt flautu og dæmt körfuknattleik hjá börnum
- sýnt grunnfærni í körfuknattleik

## Námsmat

1. Verkefni og próf	30%.
2. Verklegt	30%.
3. Æfingakennsla	40%.

## ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG KENNSLU Á ÖNNINNI

- Flestir tímar áfangans verða verklegir. Þó má reikna með örfáum bóklegum tínum í kennslustofu.
- Í bóklega hlutanum verður farið í helstu leikreglur og ýmislegt sem tengist leikfræði, þ.e. hvert og hvernig á að senda boltann og staðsetningu leikmanns á vellinum. Eins og sjá má á þessu verður mestum tíma varið í grunnatriði leiksins og skilning á leikreglum.
- Verklegu tímarnir verða að mestum hluta helgaðir tæknikennslu og verður undirritaður fyrst með tímana. Síðan taka nemendur sjálfir við æfingakennslu.

## ATHUGASEMDIR OG SKÝRINGAR

- Verkefnum á að skila á réttum tíma. Sé verkefni skilað of seint lækkar einkun um 1 fyrir hvern dag sem líður um fram skiladag.
- Æskilegt er að nemendur eigi sjálfir flautu

Selfossi 13. janúar 2025  
Sverrir G Ingibjartsson